

Nei.

DAGBLAÐ Í RÍKI SJOPPUNNAR. 1. tbl. 16. okt. 2008.

PETTA ER EKKI ÓVIÐRI.

Jafnvel æstustu aðdáendur nautakjöts og piparsteikur vilja að nautin séu girt af, geymd til sveita. Ef þau fá að valsa um að eigin vild er ekkert pláss fyrir fólk og mannlíf á götunum. Raunar er hugmyndin blátt áfram fátæg. En hún hefur verið vinsæl á Íslandi í aldarfjórðung. Fyrst þurfti fólk að hypja sig úr sveitunum og smábæjum, því tarfurinn þurfti sitt – svo úr miðborginni upp í úthverfin, því tarfurinn lagðist á beit við Austurvöll. Þeir sem eftir voru urðu að hafa sig hljóða, nema þegar tarfurinn var fullur, þá skyldu allir dansa og hlæja með, en hafa svo hljótt aftur þegar hann lagðist til svefns.

Viðar Þorsteinsson hefur skrifað á Kistuna um mikilvægi þess að fram fari uppgjör. Þessi krafa er í sinni almennustu mynd svo sjálfsgöð að jafnvel stjórnmalamenirnir sem bera mesta ábyrgð á því að ala tarfa og espa þá utan girðingar taka undir hana, en gera það með skrifræðislegum rómi. Þannig segist viðskiptaráðherra, eins og ekkert sé sjálfsgöðara, vera að skapa nýtt Ísland, og allir þurfi auðvitað að koma að því. Ja, heldur betur!

Sagt er að rykið sé enn í loftinu og ekki sjáist skýrt fyrir en það hafi allt sest. Það er ekki rétt. Uppi með himinskautum riða tarfar til falls – heil spilaborg úr nautakjöti. Okkur var sagt að tarfarnir drægju vagn sólar ... ha! Sólin verður á sínum stað – það eru ótímabæru fréttirnar sem Morgunblaðið reynir að færa okkur daglega, undir

formerkjum jákvæðni. Kjöttflykkin eru hins vegar enn að falla, tarfar á stærð við landsfjórðunga, en okkur er sagt að þvælast ekki fyrir björgunarstarfi, heldur liggja á grúfu og bíða.

Eða hvaða mynd á að nota? Kannski þólar þetta mál engar myndlíkingar – brennandi hús, slökkvilið, veður, fátíðri – allar þær myndir sem dregnar hafa verið fram gagnast helst til að stöðva alla greiningu, alla leit að þekkingu og skilningi á stöðunni og láta í veðri vaka að um óviðráðanlegar náttúruhamfarir sé að ræða.

Því er raunar ekki að neita að kapitalismi er kerfi og um hann gilda því ákveðin lögmál, til dæmis það að hann gengur reglubundið gegnum kreppu, sem hægrimenn hafa stundum nefnt „skapandi eyðileggingu“ hans: það er, hann rekur í strand, í þessu tilfelli vegna þess að heimurinn, ef við lítum á heiminn sem einn aðila, hefur í innherjavíðskiptum við sjálfan sig lofað miklu meira en hann getur staðið við. Þetta er, að segja má, afleiðing þeirrar forsendu kapitalismans að fólk sé almennt bjartsýnt á framtíðina, geri ráð fyrir að hagur þess vænkist, að það geti borgað meira á morgun en það gat í gær.

Lögmál gilda um kapitalisma. Hann sjálfur er hins vegar ekki lögmál. Kapitalismi er kerfi sem manneskjur setja á laggirnar og ákveða að fylgja eftir. Manneskjur velja þessu kerfi umfang og forsundur ef þær kæra sig um það á annað borð. Bændur girða sína gripi af. Við létum tarfana girða okkur inni, en krefja okkur á meðan um bjartsýni, von, trú og stillingu. Forsætisráðherra lofaði í gær landsmenn fyrir að halda stillingu sinni á þessum erfðu tímum – ef almenningur hefði ekki haldið stillingu vita allir hvernig hefði getað farið, sagði hann. Er það? Hvernig hefði getað farið?

Það er tímabært að kasta jákvæðninni og bjartsýninni. Ef við verðum ekki neikvæð verður heimurinn það. Þetta er núllsummuleikur.

Vandinn sem Ísland stendur frammi fyrir er að eftir 60 ára sögu lýðveldis hefur það enn ekki sagt satt orð um sjálf sig. Við okkur blasa mjög harkaleg skuldaskil, harkalegri en sem nemur ævistarfi tugþúsunda manna í skatt til annarra manna konungvalda. Í sjoppunni er alltaf pressa á mann að flýta sér að velja, og þá velur maður alltaf það sama. Núna ætlum við að byrja á að segja nei.

Nei, ég þarf tíma til að hugsa. Bíddu.

VEÐRIÐ FRAMAN AF DEGI: KARLMENNSKA (Í HÓP), ÞJÓÐ GEGN ÞJÓÐ, EINSTAKIR AUÐMENN SKAMMARLEGA EIGINGJARNIR



Myndafréttin á forsíðum beggja morgunblaðanna er sigur í fót-boltaleik: ókei, þetta getum við samt, krakkar, við þjóðin (karlmennska þjóðarinnar felst alltaf í hópum, en kvenleikinn í einstökum konum?) Um leið hjálpar M ríkisstjórninni að beina athygli frá sér að vonsku Breta og fær sagnfræðing til staðfestingar á því að hér sé *ekki saga* á ferð heldur endurtekið stef, eins konar minni, sem heimurinn losni ekki undan: þannig eru Bretar, svona erum við. DV beinir reiði að einstökum auðmönnum sem hugsa nú frekar um eigin hag en heildarinnar. Haha!



GÆSLAN Jean Baudrillard hafði hugsanlega rétt fyrir sér þegar hann sagði lýðræði ekki byggja á því að færa almenningi vald, enda væri vald ekkert sem fólk vildi hafa. Þvert á móti væri lýðræði ferli sem gerði fólki kleift að varpa valdi frá sér, á aðra, með seremóníu sem er endurtekin á fjögurra ára fresti. Við nenum ekki þessu veseni. **Eiríkur Bergmann og fleiri hjálpa okkur nú að varpa frá okkur lýðræðislegri ábyrgð** með því að slá nú þann tón fyrir Íslands hönd erlendis að Íslendingar séu sérdeilis sárir út í Gordon Brown, fyrir að „sparka í liggjandi land“. Og **Kauping, „undirbýr málshöfðun“**, að minnsta kosti í fréttum. Það er auðvitað sérstaklega heppilegt fyrir íslensk stjórnvöld ef almenningur hér fæst til að beina öllum ásökunum að Bretlandi. Og heppilegt fyrir Gordon Brown ef almenningur þar reiðist fyrst og fremst Íslendingum. En við vitum öll betur, enda er það ódýrasta og beinlínis elsta trixið í bókinni, það sem fólk lærir um í grunnskólum: í kreppunni miklu milli stíða gerðu ráðamenn sitt besta til að beina reiði almennings frá valdaskipulagi landsins, að öðrum löndum og öðrum þjóðum.

Ritstjóri: Haukur Már Helgason. Spurningar, efni, ábendingar, athugasemdir: haukurmar@this.is